

Fundargerð 339. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 339. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn á Teams 5.nóvember 2024.

- Fundur með fagráði Stjórnvísí haldinn 9.október 2024
- Nýársfagnaður Stjórnvísí janúar 2025
- Fréttir af faghópum
- Innleiðing LearnCove
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí
- Skerpa á hlutverki og stefnu Stjórnvísí, framhald frá fundi í Hellisheiðarvirkjun.
- Yfirfara lög félagsins og siðareglur í takti við ofangreint. [Lög félagsins](#), [jafnréttisstefna](#) og [siðareglur](#).
- Ræða tilboð og tillögur er varðar upphæslu á hönnun, letur, liti og kynningargardínur (banner-ups) Stjórnvísí.
- Ræða endurnýjað markaðsátak þar sem faghóparnir verða í aðalhlutverki og sérstök áhersla á að ná til háskólasamfélagsins og ungs fólks í atvinnulífinu.
- Mælikvarðar ákveðnir á áhersluverkefni starfsársins.
- Önnur mál.

Dags.fundar: 5.nóv.2024	Tími: 11:00-12:30	Nr. fundar: 339
Fundarboðari: SHH	Fundarritari: GA	Staður: Teams

Viðstaddir: Stefán Hrafn Hagalín, Gunnhildur Arnardóttir, Laufey Guðmundsdóttir, Ingibjörg Loftsdóttir, Lilja Gunnarsdóttir, Anna Kristín Kristinsdóttir, Snorri Páll Sigurðsson, Matthías Ásgeirsson, Stefán Hrafn Hagalín, Haraldur Bjarnason, Auður Daníelsdóttir,

Fjarverandi:

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

1. Fundur með fagráði Stjórnvísí haldinn 9.október 2024.

Fagráðfundur Stjórnvísí var haldinn 9.október sl.. Í fagráði félagsins eru: Davíð Lúðvíksson, sérfræðingur hjá Rannís (2023-2025), Guðrún Ragnarsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Strategia (2023-2025), Sigurður Pétursson, forstjóri BYKO, Sigríður Harðardóttir mannauðsstjóri Norðuráls og Margrét Tryggvadóttir forstjóri NOVA. Fyrir fagráðsfundinn var fagráði send fundargerð vinnufundar stjórnar frá því í vor ásamt linkum og fréttum frá því helsta sem hefur verið á döfinni. Mikilvægt er að fagráð sé sem best undirbúið og geti gefið félaginu góð ráð úr sínum viskubrunni.

Jákvætt frá fagraði:

- Félagið er að þróast í rétta átt
- Mikið framboð
- Frábært að streyma
- Sigurður P. Forstjóri BYKO nefndi hve frábært og gefandi væri að vera í stjórn faghóps um framtíðarfræði
- Grásrótin eru litlu stuttu fræðsluerindin og fundir þar sem allir eru að læra hver af öðrum.
- Hljújan í Stjórnvísí er umlykjandi
- Flottur viðburður þegar fagfélögin voru saman með vorráðstefnu
- Gott að landsbyggðin fær að vera með

Það sem betur má fara

- Erfitt að finna efni – búa til upplýsingakort /bókasafn
- Væri betra að vera með einn eða tvö Hörpudaga á ári í stað þess að vera út um allt.
- Sjálfbærniásinn
- Fara meira á dýptina
- Allt of mikið af ráðgjöfum
- Gera félagið meira og stærra.

Nýjar hugmyndir

- Vera með stóra ráðstefnu í vor
- Gera meira úr Ánægjuvoginni
- Afhenda Stjórnunarverðlaunin á Mannauðsdaginn í lok hans
- Afhenda Sjálfbærni-verðlaunin á Sjálfbærni-ráðstefnu
- Vera með flotta sölu-og þjónusturáðstefnu með SVP – lyfta upp sölu
- Vera með ákveðna fræðsludaga hjá Stjórnvísí fyrir fyrirtæki
- Gera færri og gera það vel
- Gera hlaðvörp
- Búa til podkast – gæðaquality

2. **Nýársfagnaður Stjórnvísí verður haldinn í Marel 9. janúar 2025.** Nýársfagnaður Stjórnvísí verður að þessu sinni í Marel 9. janúar kl.16:30 –18:30. Ýmsar hugmyndir voru ræddar og var ákveðið að Ingibjörg hefði sambandi við ákveðinn aðila til að flytja erindi og einnig ætlar Anna Kristín að athuga með að flytja erindi frá Marel er tengist þema ársins „Snjöll framtíð“ – Marel er alþjóðlegt fyrirtæki og spennandi að vita hvað þau eru að gera til að viðhalda og skapa tengsl milli starfsfólks í ólíkum löndum.
3. **Fréttir af faghópum.** Fjöldi funda er tveimur færri það sem af er ári en á sama tíma í fyrra. Í október voru heimsóknir á heimasíðuna fleiri en í fyrra. Heildarfjöldi félaga er upp um 12% frá sama tíma í fyrra, fjöldi virkra félaga og nýrra virkra félaga er umtalsvert lægri og einnig nýskráningar. NPS skor í október er hærra en október á sl.

- ári. Búið er að senda bréf til formannaBúið er að ýta við öllum formönnum faghópa og bjóða þeim aðstoð ef á þarf að halda og hvetja þá til að halda fyrsta fund starfsársins.
4. **Innleiðing LearnCove.** Þyrfti að vera sýnilegt strax þegar verið er á síðunni í símann. Fræðslan um LearnCove þarf að vera áður en þú ert skráður á fund. Hluti af ábyrgðarhlutverki stjórnna er að setja inn fundinn á Learncove. Spurning hvort Sunna geti haldið vinnustofur. Skv. Heiðu hjá Learncove eru 83 einstaklingar búnir að skrá sig á einhver námskeið frá upphafi, allt frá því að skrá sig á 1-4 námskeið á mann fyrir utan einn aðila sem var með 11 námskeið skráð á sig.
 5. **Fjárhagstaða Stjórnvísí.** Fjárhagsáætlun er aðgengileg stjórn á vefnum og uppfærð reglulega. Áætlun ársins 2024 gerði ráð fyrir tekjuaukningu úr 32,8 millj. í 36,2 millj. af félagsgjöldum. Tekjur eru nú komnar í 36,0 millj. Öll félagsgjöld eru innheimt fyrir árið. Búast má við að áætlun standist nokkurn veginn. Kostnaðaráætlun er undir áætlun og má því gera ráð fyrir að í stað afgangss upp á 500 þúsund verði hann 3milljónir.
 6. **Skerpa á hlutverki og stefnu Stjórnvísí, framhald frá fundi í Hellisheiðarvirkjun.** Á fundi stjórnar í ágúst í Hellisheiðarvirkjun fór Auður Daníelsdóttir yfir hlutverk og gildi Stjórnvísí. Mikilvægt er að stjórn skerpi á hlutverki og stefnu með reglubundinum hætti til að tryggja að talandinn inngildi alla þá hópa samfélagsins sem félagið á erindi við. Góðar umræður urðu á þeim fundi og var ákveðið að halda þeim áfram við fyrsta tækifæri. (framhald á næsta fundi)
 7. Yfirfara lög félagsins og siðareglur í takti við ofangreint. [Lög félagsins](#) , [jafnréttisstefna](#) og [siðareglur](#). (framhald á næsta fundi)
- Jafnréttisstefna
[Siðareglurnar](#).
[Lög Stjórnvísí](#)
8. Ræða tilboð og tillögur er varðar upphæslu á hönnun, letur, liti og kynningargardínur (banner-ups) Stjórnvísí. Stefán og Gunnhildur ætla að senda út og kynna á næsta stjórnarfund.
 9. Ræða endurnýjað markaðsáttak þar sem faghóparnir verða í aðalhlutverki og sérstök áhersla á að ná til háskólasamfélagsins og ungs fólks í atvinnulífinu. (ólokið)
 10. Mælikvarðar ákveðnir á áhersluverkefni starfsársins (ólokið)
 11. Önnur mál.
 - a. Von er á nýjum kennslumyndböndum á vefinn.
 - b. Það gekk svakalega vel með ráðstefnuna hjá loftslagshópnum þar sem forseti lýðveldisins Frú Halla Tómasdóttir mætti ásamt fögru fylgineyti í Innovation House.
 - c. Gríðarleg áhorf eru á myndbönd á facebooksíðu Stjórnvísí.

1. **Staða verkefna** (áhersluverkefna og annarra verkefna).

1. **Áhersluverkefni starfsársins verða þrjú: (sjá mælikvarða neðar í fundargerð).**

Stefán kynnti áhersluverkefni síðustu ára. Í framhaldi ákvað nýkjörin stjórn Stjórnvísí áhersluverkefni komandi starfsárs. **Á fyrsta fundi í haust verða fundnir mælikvarðar á þessi þrjú áhersluverkeni.**

2024-2025 (þrjú áhersluverkefni – í hverju felast þau)

- Uppfæra sniðmát og leiðbeiningar fyrir stjórnir faghópa (Anna K. Ingibjörg, Auður)
- Innleiðing á LearnCove hjá faghópum (Snorri Páll, Lilja, Matthías)
- Ásýnd, efling og vöxtur (Stefán, Haraldur, Laufey)

2024-2025 – mælikvarðar (tillaga)

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísí www.stjornvisi.is

ooo= [mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna](#)

2024-2025

- **Uppfæra sniðmát og leiðbeiningar fyrir stjórnir faghópa** (Anna K. Ingibjörg, Auður)
 - Aukning á virkni faghópa oo
 - Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
 - Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
 - Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo

- Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo

- **Innleiðing á LearnCove** hjá faghópum (Snorri Páll, Lilja, Matthías)
 - Talning á fjölda félaga sem nýta LearnCove (verði sett inn í mælaborð)
 - Fjöldi funda sem er settur inn á LearnCove (verði sett inn í mælaborð)
 - Áhorf á fundi inn á LearnCove (verði sett inn í mælaborð)

- **Ásýnd, efling og vöxtur** (Stefán, Haraldur, Laufey)
 - i. Fjölgun fyrirtækja ooo
 - 1. Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn ooo
 - 2. Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn ooo
 - ii. Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) ooo
 - iii. Fjölgun virkra félaga ooo
 - iv. Fjölgun nýrra virkra félaga ooo
 - v. Fjölgun viðburða ooo
 - vi. Fjölgun félaga á fundum ooo
 - vii. Aukning á nýskráningum í mánuðinum ooo
 - viii.** Aukning á félagafjölda í faghópum ooo
 - ix. Aukning á virkum fyrirtækjum ooo
 - x. Fjölgun nýrra háskólanema ooo
 - xi. Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
 - xii. Stjórnin eflir og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
 - xiii. Stjórnvísir sé áhugaverður og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo

xiv. Stjórnvísir þróast í takt við við sýnbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna og atvinnulífsins ooo

xv. Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo

xvi. Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika, sé styðjandi og virkur ooo

xvii. Dagskrá Stjórnvísir verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina

xviii. Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni

xix. Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni

xx. Fjölgun erlendra fyrirlesara

xxi. Hækkun á NPS skori oo

xxii. Félagar/stjórnendur faghópa upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo

xxiii. Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu oo